

Vörulýsing

STANDARDSEMENT FA

CEM II/B-M 42,5 R

STANDARDSEMENT FA frá Norcem hentar vel í allar almennar steypur. STANDARDSEMENT FA er með lágu alkalíinnihaldi og getur því hentað til steypugerðar með alkalívirikum fylliefnum. Leitið handleiðslu fagfólks varðandi sementsmagn í steypur sem þurfa að vera veðurþolnar.

Reynslan sýnir að steypa framleidd með STANDARDSEMENT FA er endingargóð

STANDARDSEMENT FA uppfyllir kröfurnar í ÍST EN 197-1:2011 til Portland sements CEM II/B-M 42,5 R.

Upprunavottorð nr.: 1111-DoP-NO11-0573. (Brevik)

Samræmisýfirlýsing nr.: 1111-CPR-0573. (Brevik)

Seinast endurskoðað 2015

Dreifing og geymsla

Sementið er afgreitt í stórsekkjum og í lausu. Geyma skal sementið í þurru og þéttu síló, raki skemmir sementið. Geymslupól sements er 6 mánuðir. Krómatniðurbrotið í sementinu er virkt í 6 mánuði eftir framleiðsludag, svo framalega að sementið er geymt á þurrum og þéttum stað.

Öryggi

Allt sement á að geyma á öruggum stað þar sem börn ná ekki til. Sement er hættulegt berist það í meltingarveg. Berist sement í augu getur það valdið alvarlegum augnskaða. Rakt sement myndar kalsíumhydroxið sem veldur óþægindum á húð og í öndunarfærum. **Öryggisblað** með nánari upplýsingum má finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.

Tækniupplýsingar

Tækniupplýsingablað með viðmiðunargildum er að finna á heimasíðu Sementsverksmiðjunnar www.sement.is undir flípanum „Sement“.

Hörðunarferlið


Hörðunarferlið er grundvallaratriðið við skipulagningu, stýringu og framkvæmd allrar steypuvinnu. Það ræðst af sementstegund, fylliefnum, vatnssementstölu, loftinnihaldi, hörðunaraðstæðum (hitastigi, tíma- og rakastigi) og mögulegri notkun viðbótar- eða íblöndunarefna.

Mynd 1. sýnir dæmi um þrýstihörðunarferli steypublöndu með STANDARDSEMENT FA án íblöndunarefna sem fall af vatnssementstölu og tíma við 20° C.

HÖRÐUNARFERLI (án íblöndunarefna)

Mynd 1.

Þrýstipól (MPa)



Upphafsstyrkur


Upphafsstyrkur í steypu er mjög háður hitastigi og mögulegri notkun íblöndunarefna með seinkunaráhrifum.

Mynd 2. sýnir hörðunarferli steypu með STANDARDSEMENT FA frá Norcem eftir 1 dag með mismunandi vatnssementstölu með og án flotefna (P- efni). Steypublöndurnar eru útbúnar með mismunandi hitas-

UPPHAFSSTYRKUR

Mynd 2.

Eins dags þrýstipól (MPa)



Viðnám við alkálíþenslum

Í Publikasjoner 21. útgáfu norska steinsteypufélagsins, eru leiðbeiningari varðandi framleiðslu á þolinni steypu með alkálívirikum fylliefnum. Þar segir að nota megji alkálívirik fylliefni í steypu með STANDARDSEMENT FA, fari heildaralkalímagn steypunnar ekki yfir viss mörk. Ef sementið er notað að hluta til með öðrum sementstegundum, gilda önnur mörk. Nánari upplýsingar um hvar þessi mörk liggja – sjá www.betong.net undir flípanum Publikasjoner og Vedlegg C til Publicasjon 21.

Styrkleikaflokkur – Vatnssementstala

Með góðri stýringu við steypuframleiðslu er nauðsynlegt að gera ráð fyrir ca. 7 MPa öryggismörkum við alla styrkleikaflokka til að tryggja nægilegan styrk.

Tafla 1 sýnir leiðbeinandi gildi fyrir minnstu og mestu vatnssementstölu fyrir mismunandi styrkleikaflokka fyrir steypu án loftíblöndunar með STANDARDSEMENT FA frá Norcem.

STYRKLEIKAFLOKKUR – Vatnssementstala

Tafla 1.

| Styrkleikaflokkur | C20/25 | C25/30 | C30/37 | C35/45 | C45/55 | C55/67 |
|------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Vatnssementstala lægsta – hæsta | 0,65 - 0,73 | 0,60 - 0,65 | 0,53 - 0,60 | 0,46 - 0,53 | 0,40 - 0,46 | 0,35 - 0,40 |



SEMENTSVERKSMÍÐJAN

Mánabraut 20, 300 Akranesi, sími 430 5000, sement@sement.is, sement.is